

LÖG

um breyting á lögum um Þroskaþjálfaskóla Íslands, nr. 40/1985.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Í 2. gr. laga nr. 40/1985, um Þroskaþjálfaskóla Íslands, komi: menntamálaráðherra í stað „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1991.

Gjört í Reykjavík, 25. mars 1991.

Steingrímur Hermannsson.

Guðrún Helgadóttir.
(L. S.)

Guðrún Erlendsdóttir.

Guðmundur Bjarnason.

19. mars 1991

Nr. 31

LÖG

um breyting á lögum um fangelsi og fangavist, nr. 48 19. maí 1988.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Við 4. mgr. 25. gr. bætist: Ákvörðun um einangrun sætir kærui til dómismálaráðuneytisins og skal skýra fanga frá því um leið og ákvörðun er birt. Þegar ákvörðun er kærð skulu gögn málsins þegar send ráðuneytinu. Ráðuneytið skal taka ákvörðun innan tveggja sólarhringa frá því að kæra barst, ella fellur ákvörðun úr gildi.

2. gr.

26. gr. breytist þannig:

a. 1. málsl. 3. mgr. falli brott.

b. Við 5. mgr. bætist: Ákvörðun um agaviðurlög sætir kærui til dómismálaráðuneytisins og skal skýra fanga frá því um leið og ákvörðun er birt. Þegar ákvörðun er kærð skulu gögn

málsins þegar send ráðuneytinu. Ráðuneytið skal taka ákvörðun innan tveggja sólarhringa frá því að kæra barst, ella fellur ákvörðun úr gildi.
c. 6. mgr. falli brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 19. mars 1991.***Steingrímur Hermannsson.****Guðrún Helgadóttir.**
(L. S.)**Guðrún Erlendsdóttir.**

Óli P. Guðbjartsson.

LÖG

um Héraðsskóga.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að ræktun nytjaskóga á Fljótsdalshéraði og umhirðu þess skóglendis sem þar er fyrir og treysta með því byggð og efla atvinnulíf á Héraði.

Héraðsskógar merkja í lögum þessum sjálfstætt skógræktarverkefni um ræktun nytjaskóga á jörðum á Fljótsdalshéraði samkvæmt sérstakri áætlun.

2. gr.

Kostnaður við starfsemi Héraðsskóga greiðist úr ríkissjóði með sérstakri fjárveitingu sem færð er undir landbúnaðarráðuneytið.

Landbúnaðarráðherra skipar þriggja manna stjórn Héraðsskóga til tveggja ára í senn. Skal einn stjórnarmanna tilnefndur af Félagi skógarbænda á Fljótsdalshéraði, annar af Skógrækt ríkisins og sá þriðji skipaður án tilnefningar. Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn Héraðsskóga og samþykkir starfs- og fjárhagsáætlanir verkefnisins. Hún ræður framkvæmdastjóra og setur honum erindisbréf.

3. gr.

Gera skal sérstaka áætlun, Héraðsskógaáætlun, um nýtingu þess lands á Fljótsdalshéraði sem er vel fallið til skógræktar. Áætlunin skal ná yfir 40 ár, skipt í 10 ára tímabil, og taka til allt að 15.000 ha. lands.

Gera skal samninga, sem landbúnaðarráðherra staðfestir, við alla þátttakendur í Héraðsskógum. Samningarnir skulu taka til afmörkunar lands sem tekið er undir ræktun í hverju tilviki, kveða á um kostnaðarþátttöku ríkisins, hlutdeild ríkissjóðs í væntanlegum afrakstri skógræktarinnar og annað sem þurfa þykir.